

Föstudaginn 6. júní 1969.

Nr. 208/1968. **Ásgeir Ásgeirsson**

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Jóni Hjartarsyni og gagnsök

(Guðmundur Pétursson hrl.)

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. nóvember 1968. Gerir hann þær dómkröfur, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 212.265.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 7. október 1966 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 7. janúar 1969. Krefst hann sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt gögnum málsins er ljóst, að ökumenn beggja bifreiðanna sýndu eigi næga varúð í akstri, og eiga báðir sök á árekstrinum. Þegar litið er til málavaxta, þykir rétt, að aðiljar beri að jöfnu fébótaábyrgð á tjóni því, sem af hlaut. Tjón aðaláfrýjanda þykir hæfilega metið í héraðsdómi, samtals kr. 175.765.00. Ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða helming þessarar fjárhæðar, þ. e. kr. 87.882.50, ásamt 7% ársvöxtum frá 7. október 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 35.000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Jón Hjartarson, greiði aðaláfrýjanda, Ásgeiri Ásgeirssyni, kr. 87.882.50 með 7% ársvöxtum frá 7. október 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 35.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. október 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 3. október 1968, hefur Ásgeir Ásgeirsson frá Fróðá, Dyngjuvegi 10, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 17. apríl 1967, gegn Jóni Hjartarsyni bifreiðarstjóra, Snorrabraut 83 hér í borg, svo og til réttargæzlu Jóni Ágústssyni, Mjóstræti 18, og Almennum tryggingum h/f, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 212.265.00 auk 8% ársvaxta frá 7. október 1966 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu hinna stefndu eru þær dómkröfur gerðar *aðallæga*, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda í málinu, en *til vara*, að sök verði skipt og þeim gert að greiða hluta þess tjóns, er varð af beinum árekstri bifreiðanna R 666 og R 9433, þ. e. hluta af viðgerðarkostnaði í bifreiðinni R 666. Verði aðalkrafan tekin til greina, gera stefndu kröfu um málskostnað úr hendi stefnanda, en annars, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Á hendur réttargæzlustefndu eru engar kröfur gerðar. Þeir hafa og heldur eigi neinar kröfur gert.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að hinn 7. október 1966, nálægt kl. 1500, hafi hann ekið bifreið sinni, R 666, suður Austurbrún hér í borg. Bjart hafi verið yfir og gott færi og hafi hann ekið á vinstri vegarhelmingi. Er hann hafi komið að vegamótum Draga-vegar, hafi hann vikið að miðju vegarins til víðari innsýnar á gatnamótin. Ökuhraðann kveður stefnandi hafa verið jafnan og hægan og engin bifreiðaumferð hafi verið sjáanleg. Þegar hann hafi verið kominn rétt inn á gatnamótin, hafi bifreið verið ekið fram með sér vinstra megin og snarbeygt til hægri í sömu andrá og ekið inn í vinstri hlið bifreiðar sinnar, R 666. Kveður stefnandi höggið af ákeyrslunni hafa verið svo snögg, að hann muni hafa hrokkið frá stýrinu við ákeyrsluna og hlotið höfuðhögg á framrúðu og samstundis misst meðvitund og þannig vald á bifreiðinni. Stefnandi kveður vera greint frá viðburðarás af völdum bifreiðarinnar eftir ákeyrsluna í lögregluskýrslu, meiðslum á vegfaranda, snertingu við kyrrstæða bifreið o. fl., sem hann kveðst enga vitund hafa haft um. Hann kveðst fyrst hafa komið til meðvitundar, nokkru eftir að bifreiðin hafði stöðvazt í húsagarði austan vegarins. Kveðst hann þá hafa legið frammi í bifreiðinni með höfuðið vinstra megin í sætinu og hafi þá talsvert blóð runnið þar í sætið, svo sem ljósmynd sýni.

Stefnandi kveður ekki neinn vafa geta á því leikið, að bifreiðar-

stjórinn á sendiferðabifreiðinni R 9433, sem hafi ekið á bifreið sína, eigi alla sök á slysi þessu, ekki einasta ákeyrslunni sjálfri, heldur og síðari afleiðingum hennar. Auk framangreindrar málavaxtalýsingar skýrir stefnandi svo frá í lögregluskýrslu á dskj. nr. 2 í máli þessu, að hann minnst þess, að konu hafi brugðið fyrir til hægri, er áreksturinn varð. Stefnandi hefur komið fyrir sakadóm og staðfest þar málavaxtalýsingu sína, eins og hún kemur fram í áðurgreindri lögregluskýrslu. Auk þess hefur stefnandi greint svo frá fyrir sakadómi, að hann hafi ekið mjög rólega og lítil umferð hafi verið á leiðinni heim og hafi engin bifreið verið á undan sér, t. d. frá innkeyrslunni að D. A. S. Sólskin hafi verið aðeins á móti honum, þegar ekið var suður eftir Austurbrún, en það hafi ekkert hindrað sig, þar sem hann hafi verið með sólgleraugu. Stefnandi fullyrðir, að engin bifreið hafi verið á undan sér á þessum kafla að Dragavegi eða eins langt og séð varð og er hann hafi litið að háhýsunum Austurbrún 2 og 4, þá hafi þar engin hreyfing verið á bifreiðum. Stefnandi segir, að hann hafi ekkert verið að flýta sér. Ekkert hafi legið á og engin móða hafi verið á rúðum bifreiðarinnar. Hann kveðst ekki hafa orðið var við neina umferð á eftir sér, en þegar hann hafi verið kominn fyrir enda Dragavegar, hafi hann ekki vitað fyrr en bifreið hafi verið ekið á vinstri hönd honum um einn metra frá honum. Stefnandi segir, að þá hafi bifreið hans verið staðsett á vinstri akbrautarhluta, en við miðlínu Austurbrúnar. Þegar stefnandi allt í einu sá hina bifreiðina, kveðst hann hafa sveigt undan til hægri, en samt hafi orðið harður árekstur milli bifreiðanna. Kveðst stefnandi muna óljóst, að manneskja hafi verið fyrir framan bifreið sína á gangbraut til hægri, en síðan kveðst hann ekki muna meira. Stefnandi segir, að hann hafi staðsett bifreið sína, eins og að framan segir, til þess að fá betra útsýn á Dragaveg, en þar hafi engin bifreið verið sjáanleg, svo að óhætt hafi verið þess vegna að aka áfram.

Stefndi Jón Hjartarson hefur skýrt svo frá málavöxtum, að hann hafi ekið eftir vinstri götuhelmingi, er hann nálgadist umræddan slysstað, og ekið á eftir annarri bifreið, sem síðan hafi beygt til vinstri inn á Dragaveg. Stefnandi kveðst hafa sett stefnuljós á um beygjuna til hægri með góðum fyrirvara, áður en hann hafi beygt, og stefnuljós bifreiðar sinnar hafi verið í lagi, enda hafi bifreiðin verið nýskoðuð af Bifreiðaeftirlitinu. Ekki kveðst hann hafa séð í hliðarspegli bifreiðarinnar til ferða R 666, fyrr en rétt áður en bifreiðin rakst utan í bifreið hans og þá hemlað,

og telur hann, að bifreið sín hafi verið stönzuð, er áreksturinn varð, því að hann hafi hemlað, strax er hann sá bifreiðina, og hafi þá verið á mjög hægri ferð.

Stefndi Jón kveður áreksturinn hafa orðið þannig, að hægri framhorn, framhlið og hægri endi framstuðarans á sinni bifreið hafi lent aftast á vinstri framhurð og afturhurð R 666, og kveðst hann ekki geta sagt um ökuhraða umræddrar bifreiðar, er áreksturinn varð, og kveðst ekki hafa séð, að bifreiðin yki hraðann eftir áreksturinn, heldur segir hann sér hafa fundizt hún halda jöfnum hraða áfram, sem hann kveður sér hafa fundizt talsverður, en þó ekki neinn ofsahraði. Stefndi kveðst hafa séð til ferða konunnar, sem varð fyrir slysinu, og hafi hún virzt vera á leið frá götunni og verið stödd rétt norðan við jeppabifreiðina, sem R 666 rakst á. Kveðst stefndi gizka á, að konan hafi verið stödd tvo til þrjá metra frá götunni, er hún varð fyrir bifreiðinni. Stefna bifreiðarinnar hafi haldizt óbreytt utan við veginn, þar til hún hafi skolið á konunni og við það hafi konan kastazt upp í loftið og yfir þak bifreiðarinnar. Í því að bifreiðin hafi skolið á konunni, hafi henni verið snarbeygt til vinstri út á götuna, en áður en út á götuna hafi komið, hafi bifreiðin skolið utan í kyrrstæðan jeppabíl, sem staðið hafi vestan megin hennar. Stefndi kveðst ekki treysta sér til að segja um, hvernig konan hafi borizt út á götuna, hvort hún hafi borizt með bifreiðinni eða hvort hún hafi kastazt af henni út á götuna, en konan hafi legið á götunni eftir slysið, þar sem uppdrátturinn sýni. Bifreiðin hafi runnið yfir götuna, eins og uppdráttur gefi til kynna, og hafi horfið sjónum sínum niður í húsagarðinn, þar sem hún er sýnd á uppdrættinum. Stefndi kveður sólina hafa skinið á móti þeim öikumönnunum og hafi hún verið fremur lágt á lofti. Segir hann sér ekki þykja ótrúlegt, að hún hafi getað valdið öikumanni R 666 óþægindum við aksturinn. Hann hafi verið í lægri bifreið en stefndi ók, og kveðst stefndi hafa séð, að sólskyggni bifreiðarinnar hafi ekki verið niðri. Stefndi kveður áreksturinn við bifreið sína ekki hafa verið meiri en það, að hann hafi ekki haggazt í sætinu við hann, og kveðst hann telja, að árekstur þessi hefði ekki átt að geta valdið því, að bifreiðarstjórinn missti stjórn á bifreiðinni, ekki sízt, ef litið er á það, að framendi bifreiðarinnar hafi ekki lent í árekstrinum, og því hafi bifreiðin strokizt fram með sinni bifreið og þess vegna ekki myndazt neitt teljandi högg við þennan árekstur. Stefndi kveðst hafa verið einn í bifreið sinni, er áreksturinn varð, og ekið á ca. 35 km hraða miðað við klukku-

stund, er hann nálgæðist slysstaðinn, en þá hafi hann verið búinn að draga verulega úr hraða bílsins, er áreksturinn varð. Framanritaðan framburð í rannsóknarlögregluskýrslu á dskj. nr. 2 hefur stefndi staðfest fyrir sakadómi. Stefndi hefur skýrt nánar svo frá fyrir sakadómi, að vinstri handar stýri sé á bifreið sinni og að hann hafi verið einn í bifreiðinni og ekkert hafi byrgt útsýni, meðal annars hafi rúður verið tandurhreinar. Hann segir, að væg snerting hafi orðið á milli bifreiðarinnar R 666 og sinnar bifreiðar, en hann segist strax hafa hemlað, er hann sá bifreiðina R 666, og reynt að sveigja til vinstri frá henni. Stefndi kveður akstursskilyrði og veður hafa verið gott, en sól hafi verið lágt á lofti og næstum skinið eftir Austurbrúninni. Stefndi kveðst hafa séð framhaldið vel. Bifreiðin R 666 hafi runnið, án þess að hægja á sér, í stórum sveig og lent á konu, sem var um þrjá metra utan akbrautar, síðan á jeppabifreið og næst þvert yfir Austurbrún og niður í húsagarð. Stefnda virtist konan takast á loft og strjúkast eftir þaki bifreiðarinnar R 666 og renna síðan aftur af bifreiðinni. Stefnda virtist þá konan meðvitundarlaus. Hún hafi gengið norður eftir Austurbrún og því komið beint á móti bifreiðinni R 666. Stefndi kveðst hafa verið á svo lítilli ferð, að hemlaför hafi verið aðeins um einn metra, sem þó sé ekki teiknað á uppdrátt.

Vitnið Rafn Vic Bjarnason málari skýrir svo frá í lögregluskýrslu á dskj. nr. 2, að það hafi verið statt á móts við húsið nr. 6 við Austurbrún austan megin, er slys þetta varð. Það kveðst hafa séð, er áreksturinn varð á milli R 666 og R 9433, og þá kveður það sér hafa virzt staða R 9433 eins og sýnt er á uppdrætti lögreglunnar í máli þessu, sem því virðist vera alveg réttur af slysa-vettvangi.

Vitnið kveður R 9433 hafa verið á mjög hægri ferð, er áreksturinn varð, og muni hafa stöðvazt alveg, er hann skeði. Um ferð R 666, er áreksturinn varð, kveðst vitnið ekki vel geta sagt, en kveðst hafa séð, að bifreiðin var á talsvert miklum hraða, er hún fór frá árekstrarstaðnum, og kveðst vitnið ekki hafa séð betur en að hraði bifreiðarinnar ykist eftir því sem fjær dró frá árekstrarstaðnum.

Vitnið kveður moldarhaug hafa borið á milli sín og bifreiðarinnar, um það leyti sem bifreiðin muni hafa lent á konunni, sem um ræðir í máli þessu. Vitnið kveðst því næst hafa heyrt skell og síðan séð hönd koma á loft yfir moldarhauginn, sem skyggði á, og þá kveðst vitnið hafa þótzt vita, að slys hefði orðið, og hljóp

inn í vinnuskúr, sem var þarna nærri og hringdi til lögreglunnar og gerði aðvart um slysið, og kveðst vitnið svo hafa hraðið sér á staðinn. Þá kveður vitnið hafa verið þar umhorfs eins og uppdrátturinn gefi til kynna. Eins og áður segir, kveðst vitnið hafa misst sjónar á bifreiðinni bak við moldarhauginn og sá ekki, er konan varð fyrir henni, og kveðst vitnið ekki heldur hafa séð, er henni var ekið utan í bifreiðina R 2018 eða er bifreiðinni var ekið niður í húsagarðinn. Vitnið kveður konuna hafa legið á götunni, eins og sýnt sé á uppdrættinum. Hún hafi hreyft sig eitthvað til, svo að vitnið heldur, að hún hafi ekki verið alveg meðvitundarlaus. Vitnið kveður hafa verið búið að taka konuna inn í sjúkrabíl, er lögreglan kom á vettvang, en að öðru leyti hafi allt verið óhreyft á staðnum, er lögreglan kom. Vitnið kveðst ekki hafa veitt því athygli, hvort stefnuljós voru á R 9433, er áreksturinn varð, en það kveðst hafa séð stefnuljós blikka á bifreiðinni, er það kom frá því að hringja eftir lögreglunni. Í sakadómi, þar sem vitnið hefur staðfest framanritaða skýrslu sína sem rétta, skýrir það nánar svo frá atvikum, að það hafi verið statt í um 20—30 m fjarlægð frá árekstrarstað. Vitnið kveðst ekki hafa tekið eftir akstri bifreiðanna fyrir áreksturinn, en sá þær, um leið og áreksturinn varð, og voru þær þá báðar á hreyfingu.

Vitnið segir, að hraði bifreiðarinnar R 666 hafi verið mikill eftir áreksturinn, og fór bifreiðin stóran sveig upp á lóð hússins, síðan yfir götuna og í húsagarð hinum megin hennar.

Vitnið Sigurður Jónsson iðnnemi skýrir þannig frá, að það hafi ekki séð, er umrætt slys varð. Það kveðst hafa verið statt í háhýsinu nr. 6 og hafa heyrt skellina, er árekstrarnir urðu, og þá farið á staðinn, en þá hafi allt verið afstaðið og bifreiðin, sem virtist hafa valdið öllum þessum ákeyrslum, hafi verið komin niður í húsagarð austan við umrædda götu. Það kveður konuna, sem fyrir slysinu varð, hafa legið líkt á götunni og uppdráttur lögreglunnar bendi til. Hún hafi verið með einhverri meðvitund, er það kom að. Það kveðst einnig hafa farið til mannsins, sem ók bifreiðinni R 666, og hafi hann setið undir stýrinu, er vitnið kom að honum, og kveðst vitnið hafa veitt því strax athygli, að hann hélt á sólgleraugum í annarri hendinni, gleraugun hafi verið opin og hafi hann haldið um aðra spöngina, eins og hann væri nýbúinn að taka þau af sér. Vitnið kveðst þó ekki hafa séð blóð á þeim, en nokkuð hafi blætt úr höfði mannsins. Vitnið kveður manninn greinilega hafa verið með meðvitund, en hann hafi ekkert sagt við vitnið, og kveðst vitnið einskis hafa spurt hann.

Vitnið telur stöðu bifreiðarinnar R 9433 ekki vera rétt sýnda á uppdrættinum og telur, að hún hafi verið komin nær vesturbrún götunnar og R 666 hafi farið fyrr út af götunni en sýnt sé á uppdrættinum. Að öðru leyti telur vitnið uppdráttinn í máli þessu réttan og hjólför R 666 séu rétt sýnd á honum, eftir því sem vitninu virtist þau vera, er það kom á staðinn, og kveður vitnið þau hafa verið mjög greinileg, er það kom að. Vitnið sá, að stefnuljós blikkuðu á R 9433, er það kom að, um beygju til hægri. Vitnið kveður bifreið þessa hafa verið að koma til að sækja dót, sem vitnið var að flytja úr háhýsinu nr. 6 við Austurbrún.

Vitnið Runólfur Sigtryggsson afgreiðslumaður hefur skýrt svo frá, að er umrætt slys vildi til, hafi vitnið verið á gangi ásamt konu sinni, Þórunni Sigurlaugu Jóhannsdóttur, í áttina heim til þeirra, og voru þau stödd vestan við Austurbrún. Vitnið kveðst ekki hafa séð, er áreksturinn varð milli bifreiðanna, áður en ekið var á konu vitnisins, og sá ekki til ferða bílsins, sem hún varð fyrir, fyrr en á því augnabliki, sem henni var kippt frá hliðinni á vitninu, en vitnið kveður hana hafa gengið við hægri hlið sína. Vitnið sá svo, er hún var á vélarhúspaki bifreiðarinnar, og svo, að hún kastaðist aftur yfir bifreiðina. Vitnið kveðst hafa horft á bílinn og konu sína og ekki séð, er bíllinn skall utan í kyrrstæða bílinn. Vitnið sá því næst, er kona þess kastaðist aftur yfir bílinn á götuna, og þar kveður vitnið hana hafa legið í blóði sínu meðvitundarlausu. Bifreiðin hafi svo þotið austur yfir götuna og horfið sjónum vitnisins niður í húsagarð austan götunnar. Vitnið kveður hraða bifreiðarinnar hafa verið mjög mikinn og man ekki til að hafa séð annan eins akstur. Ekki kveðst vitnið geta sagt um, hvort maðurinn í bifreiðinni sat við stýrið eða ekki, en vitnið kveður sér hafa orðið svo mikið um það, sem skeði, að það kveðst sennilega ekki munu ná sér eftir það.

Framanritaðan framburð sinn hefur vitnið staðfest fyrir saka-dómi sem réttan.

Eins og áður er fram komið, styður stefnandi kröfur sínar þeim rökum, að enginn vafi geti á því leikið, að bifreiðarstjórinn á sendiferðabifreiðinni R 9433, sem ekið hafi á bifreið sína, eigi alla sök á slysi þessu, ekki einasta ákeyrslunni sjálfri, heldur og síðari afleiðingum hennar.

Af hálfu stefnanda hafa kröfur hans verið nánar studdar þeim rökum við munnlegan flutning málsins, að stefndi hafi ekið til hægri þvert fyrir akbraut með þeim afleiðingum, að hann hafi

ekið á hlið bifreiðar stefnanda. Samkvæmt ákvæðum umferðarlaga og almennum sönnunarreglum beri hann þess vegna alla áhættu og sönnunarbyrði í sambandi við ákeyrsluna. Sé hann af þessum ástæðum ábyrgur fyrir öllu því tjóni og skaða, sem af umræddri akstursaðferð hafi hlotizt, nema hann sanni, að akstri stefnanda hafi jafnframt verið í einhverju áfátt, en það hafi hann ekki sýnt fram á.

Stefndi hins vegar styður dómkröfur sínar þeim rökum, að hann hafi í umrætt sinn ekið á undan bifreið stefnanda suður Austurbrún og verið búinn að gefa stefnumerki um beygju til hægri og verið byrjaður að beygja, er hann varð þess var, að bifreið stefnanda var komin fram með hlið bifreiðar hans hægra megin án þess að hafa gefið nokkurt hljóðmerki. Kveður stefndi því ekki verða hjá því komizt að leggja meginhluta sakar á stefnanda sjálfan. Stefndi heldur því fram, að við fyrsta áreksturinn, þ. e. við R 9433, hafi stefnandi ekkert slasazt, en aðeins orðið skemmdir á vinstri hlið bifreiðar hans. Þá heldur stefndi því einnig fram, að ekkert orsakasamband sé milli þessa margnefnda árekstrar og þeirra óhappa, sem hent hafi stefnanda í áframhaldandi akstri hans. Af þeim ástæðum geti stefndi ekki borið neina skaðabótaábyrgð á meiðslum stefnanda sjálfs, sem öll hafi orðið við seinni árekstra, né heldur geti hann borið nokkra skaðabótaábyrgð á þeim skemmdum, sem á bíl stefnanda hafi orðið við seinni áreksturinn. Það eina, sem til greina geti komið, að bótaskyld sé, kveður stefndi vera skemmdir þær, sem orðið hafi á vinstri hlið bifreiðar stefnanda og sem metnar hafi verið á dskj. nr. 5 á kr. 14.330.00. Öllum öðrum kröfum stefnanda kveðst stefndi mótmæla algerlega og krefst fullrar sýknu af þeim.

Eins og fram kemur í gögnum málsins og að framan er rakið, eru aðiljar máls þessa ekki á eitt sáttir um það, hvernig umræddur árekstur hafi atvikazt. Stefnandi heldur því fram, að hann hafi ekið á vinstri vegarhelmingi suður Austurbrún og enga bifreið séð á undan sér eða eftir. Stefnandi kveðst ekkert hafa verið að flýta sér og ekið rólega, en þegar hann hafi verið kominn fyrir enda Dragavegar, hafi hann ekki vitað fyrr til en bifreið hafi verið sér á vinstri hönd um einn metra frá sér. Telur stefnandi bifreið sína þá hafa verið staðsetta á vinstri akbrautarhluta, en við miðlínu Austurbrúnar. Stefnandi kveðst hafa sveigt til hægri, er hann allt í einu sá hina bifreiðina, en samt hafi orðið harður árekstur milli bifreiðanna.

Stefndi kveðst einnig hafa ekið á vinstra vegarhelmingi suður Austurbrún á eftir annarri bifreið, sem síðan hafi beygt til vinstri inn á Dragaveg. Kveður hann bifreið þá, sem hann ók á eftir, hafa verið gulleita Volkswagen-bifreið. Stefndi kveðst, er hann nálgast húsið Austurbrún 6, en þangað ætlaði hann, hafa gefið stefnuljós til hægri, og hafa vitnin Sigurður Jónsson og Rafn Vic Bjarnason borið, að stefnuljósinn hafi verið á, er bifreið stefnda var stöðvuð eftir áreksturinn. Stefndi kveðst hafa ekið hægt og ekki orðið var við bifreið stefnanda, fyrr en hann (þ. e. stefndi) var að byrja að beygja og hafi hann þá séð hana í gegnum hliðarúðu sinnar bifreiðar, er hann horfði í hægri hliðarspegil hennar. Kveðst stefndi þá strax hafa stigið á hemla og reynt að sveigja til vinstri frá bifreið stefnanda, enda hafi snerting bifreiðanna orðið væg.

Þegar athugaður er uppdráttur lögreglunnar af vettvangi á dskj. nr. 2 svo og ljósmyndir af vettvangi, sem fylgja málinu, þykir sýnt, að bifreið stefnanda, R 666, hafi verið alveg yfir á hægri vegarhelmingi miðað við akstursstefnu, er áreksturinn varð, þrátt fyrir staðhæfingu hans um hið gagnstæða. Hafi stefnandi enga bifreið séð á undan sér, eins og hann heldur fram, þá hefur hann verið ranglega staðsettur á veginum án nokkurs sérstaks tilefnis, að því er séð verður, nema hann hafi ætlað að aka fram úr bifreiðinni R 9433, en samkvæmt 3. mgr. 47. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 er óheimilt að aka fram úr öðru ökutæki á vegamótum.

Eins og málum hefur verið lýst hér að framan, verður að telja, að hvorki stefnandi né stefndi hafi sýnt nægilega varúð í akstrinum umrætt sinn og eigi því báðir sök á árekstrinum. Þykir, þegar virt eru öll málsatvik, hæfilegt, að stefnandi beri sjálfur $\frac{2}{3}$ hluta sakar, en stefndi $\frac{1}{3}$ hluta, og er þá litið svo á, að eftirfarandi óhöpp stefnanda séu afleiðing árekstrarins milli bifreiðar hans og stefnda, enda þykja ekki næg rök hníga að því að slíta þau óhöpp, sem hentu stefnanda í áframhaldandi akstri hans, úr tengslum við upphaflega áreksturinn, eins og að er vikið í greinargerð stefnda.

Skulu nú hinir einstöku kröfuliðir athugaðir.

Um fyrsta lið. Tjón á bifreiðinni R 666 samkvæmt mati dómkvaddra manna, kr. 79.765.00.

Matið er tvískipt. Annars vegar kr. 14.330.00 vegna skemmda á vinstri hlið bifreiðarinnar, sem hlutust af árekstrinum milli bifreiða stefnda og stefnanda. Af hálfu stefnda er þessum lið

matsgerðarinnar ekki mótmælt tölulega, en krafizt sýknu á honum, en til vara lækkunar í hlutfalli við sakarskiptingu.

Seinni liðnum í matsgerðinni, kr. 65.435.00, er af hálfu stefnda algerlega mótmælt á þeim grundvelli, að þetta tjón standi ekki í neinu orsakasambandi við margnefndan árekstur. Það hafi orðið til við seinni áreksturinn, annað hvort við bifreiðina R 2018 eða við útafaksturinn inn í húsagarðinn, en á þeim óhöppum beri stefndi enga ábyrgð.

Eins og áður er fram tekið, þykja ekki næg rök liggja til þess að slíta áframhaldandi akstur stefnanda úr tengslum við upphaflega áreksturinn sjálfan sem honum óviðkomandi, heldur þykir verða að líta á það, sem gerðist eftir áreksturinn, sem afleiðingu hans. Þykir því mega leggja matsfjárhæðina, kr. 79.765.00, til grundvallar og taka hana til greina óbreytta.

Um II. lið, afnotamissi bifreiðarinnar.

Af hálfu stefnda hefur þessum lið verið mótmælt sem málinu óviðkomandi, en til vara sem allt of háum. Stefnandi áætla afnotamissi bifreiðarinnar vegna skemmda af völdum árekstrarins sjö mánuði og reiknar sér kr. 1.500.00 á mánuði í þessu skyni, eða kr. 50.00 á dag. Þykir dag- eða mánaðargjaldi mjög í hóf stillt, en hins vegar hefur stefnandi ekki leitt að því nein rök, að hann hafi þurft að vera án bifreiðarinnar í sjö mánuði vegna skemmdanna, enda þótt af hans hálfu hafi verið upplýst við munnlegan flutning málsins, að viðgerð á bifreiðinni hafi ekki farið fram enn.

Þykir hæfilegt að ætla stefnanda tvo mánuði í afnotamissi með kr. 1.500.00 á mánuði, og verður þá þessi kröfuliður tekinn til greina með kr. 3.000.00.

Um III. lið, atvinnutap og tekjutjón.

Af hálfu stefnda hafa komið fram sömu mótmæli við þessum lið og við þeim næsta á undan.

Stefnandi hefur áætlað atvinnutap og tekjutjón í tólf mánuði. Í vottorði Vegagerðar ríkisins á dskj. nr. 6 kemur fram, að stefnandi hafi verið skrifstofustjóri Vegagerðar ríkisins, en látið af því starfi 1. júlí 1966, en þá verið falið að hafa áfram á hendi yfirumsjón með rekstri vegagjaldsstöðvar á Reykjanesbraut gegn áætlaðri þóknun, kr. 6.000.00 á mánuði, en hann hafi vegna forfalla ekki getað sinnt þessu starfi og því engar tekjur af því haft, en vottorð þetta er dagsett 7. apríl 1967.

Í bréfi sama aðilja á dskj. nr. 19, dags. 16. apríl 1968, segir, að

stefnandi hafi ekki þá enn hafið áðurgreint starf, en það standi honum ennþá opið, strax og hann telji sig með læknisráði vinnufæran. Þá segir í nefndu bréfi enn fremur svo, að stefnandi hafi engin störf haft á hendi hjá Vegagerð ríkisins eftir 7. október 1966 utan smáverkefni, sem hann hafi leyst af hendi heima við á síðastliðnu ári, og fengið fyrir það þóknun, kr. 4.000.00.

Með hliðsjón af þessum upplýsingum svo og örorkumati á dskj. nr. 13 þykir mega taka þennan lið til greina, þó þannig, að til frádráttar komi þær kr. 4.000.00, sem upplýst er, að stefnandi hafi fengið greiddar. Verður því þessi liður tekinn til greina með kr. 68.000.00.

Um IV. lið, heilsutjón (tímabundið), þjáningar og sársauka.

Af hálfu stefnda hafa komið fram mótmæli við þessum lið á sama grundvelli og næstu tveimur liðum á undan.

Í vottorði Tryggva Þorsteinssonar læknis á dskj. nr. 3 segir svo:

„Þann 7. 10. '66, kl. 15.05, var komið með Ásgeir Ásgeirsson, til heimilis Dyngjuvegi 10, Reykjavík, hingað á Slysavarðstofuna vegna meiðsla, er hann hafði hlotið í umferðarslysi skömmu fyrir komuna hingað. Hafði Ásgeir stjórnað bifreið, sem lenti í árekstri í Austurbrún, og kastaðist bifreið hans m. a. út í garð. Talið var, að Ásgeir hefði misst meðvitund smástund, en við komuna hingað var hann með fulla meðvitund og hafði hvorki uppköst, ógleði né svima eða önnur einkenni um heilahristing.

Skoðun: Hægra megin á hvirfli framarlega var ca. 6 cm langur sagital skurður. Vinstra megin á hvirfli var V-laga skurður ca. 22 cm langur, og hafði húð og galea losnað frá höfuðbeinum á allstóru svæði. Mar og hrúfl var á hæ. hné. Á vinstri hendi var mjög djúpt sár, lokalísierað í greipinni milli þumalfingurs og lófans, og gekk sárið í djúpið inn með miðhandarbeinum. Sár þetta var ca. 9 cm langt og náði að M.C.3. Talsverð eymsli voru á rifjaboga vinstra megin. Rtg.mynd af vi. síðu sýndi sprungu (infractio) á 8unda rífi.

Að rannsókn lokinni var gengið frá sárum, gefið antibiotika og T.A.T.-toxoid og Ásgeiri leyft að fara heim til sín til hvíldar.

Ásgeir kom til eftirlits þ. 10. 10. Var skipt á sárum, sem litu vel út. Dálítill þjúgur var á handarbaki, og nokkur eymsli voru áfram á síðubarði vi. megin. Þann 14. 10. voru flestir saumar teknir úr höfuðsárum. Líðan fór nú batnandi, lengst var höndin að jafna sig. Saumar voru teknir, þeir er eftir voru, þ. 17. 10.

Þann 24. 10. litu sár öll vel út og þroti að hverfa úr hendi. Ásgeir kom síðast til eftirlits þ. 9. 12. Kvaðst hann ennþá hafa eymsli í vinstri síðu við viss átök. Höndin leit vel út. Einnig virtust örin á höfðinu snotur. Sagðist Ásgeir stundum finna til svima, síðan hann meiddi sig. Ekki kom fram nystagmus, og Rhomberts próf var negatívt við skoðun, og er ástæða til að halda, að sviminn sé ekki alvarlegs eðlis. Ásgeir hefur ekki haft þrautir í höfði eftir meiðslið“.

Þá liggur og frammi í málinu á dskj. nr. 13 örorkumat Páls Sigurðssonar læknis, svohljóðandi:

„Slysið varð með þeim hætti, að slasaði lenti í bifreiðaárekstri á bifreið sinni. Hann var fluttur í Slysavarðstofu, og það liggur fyrir vottorð frá Tryggva Þorsteinssyni, lækni þar, um ástand slasaða. Vottorðið er svohljóðandi: „.....“

Í málinu liggur einnig fyrir vottorð Gunnars Guðmundssonar, dr. med. yfirlæknis, frá 1. marz 1967. Vottorð Gunnars er svohljóðandi:

„Vottorð vegna Ásgeirs Ásgeirssonar, f. 9. 8. 1897, til heimilis Dyngjuvegi 10, Reykjavík.

Ásgeir Ásgeirsson hefur verið hjá mér til rannsóknar vegna afleiðinga höfuðáverka, er hann hlaut að sögn í bílslysi 7. 10. 1966. Missti Ásgeir meðvitund við áverkann, og vissi hann ekki af sér, fyrr en lögreglan var komin á slysstaðinn, sem mun hafa verið um 10—15 mínútum eftir slysið.

Fékk hann skurði á höfuðið framantil. Strax eftir slysið fann hann til mikils höfuðverkjar og svima. Ásgeir var við rúmið næstu 3 vikurnar, og hefur hann ekkert getað unnið síðan. Síðan hann slasaðist, hefur hann haft allmikinn höfuðverk, svima, einkum ef hann bograr, svo og almenna þreytu. Hann segist þreytast óeðlilega mikið við alla áreynslu. Svefninn hefur verið mjög slæmur síðan, og minni finnst honum ekki eins gott og fyrir slysið. Þessi óþægindi hafa farið mjög mikið minnkandi undanfarnar vikur.

Fyrir slysið var hann við góða heilsu og hafði engin af áður-nefndum óþægindum.

Skoðun: Sj. er fullkomlega áttaður á stað og stund. Minni virðist allgott. Það eru engin einkenni, sem benda til organískra mental breytinga.

Nervi kranialis: Heilataugar eðlilegar a. ö. l. en því, að sj. hefur hypostesi á svæðinu svarandi til nerveus orbitalis vinstra megin.

- Motorik:** Tonus, trofik og grófir kraftar eðlilegir. Reflexar eru eðlilegir og jafnir. Babinski negativur bilateralt.
- Sensibilitet:** Sársauka-, snerti-, stöðu- og vibrationsskyn er eðlilegt.
- Koordination:** Engin einkenni um ataxi. Romberg negativur. Gangur eðlilegur.
- Sfinkterfunktion:** Eðlileg að sögn.
- Báðar carotis pulsera jafnt og eru eðlilegar.

(EEG & 7. 2. 67 Kleppsspítalinn): „Sennilega diffust létt abnormalt EGG, hratt“. Spenna.

Álit: Sj. hefur fengið heilahristing (commotio cerebri), og verða áðurnefndar kvartanir að teljast afleiðing hans. Óþægindi sj. hafa lagazt mjög mikið undanfarnar vikur, og verða batahorfur því að teljast mjög góðar“.

Slasaði kom til viðtals hjá undirrituðum 6/10 1967. Hann telur, að ástand hafi farið mjög batnandi síðustu mánuði. Hann hefur nú engan höfuðverk eða svima, en telur enn vera um að ræða óeðlilega þreytu. Svefn hefur komið í eðlilegt horf, og minnisleysi háir honum ekki.

Alyktun: Hér er um að ræða 70 ára gamlan mann, sem slasaðist í bifreiðaslysi fyrir 1 ári. Við slysið hlaut hann höfuðhögg og mun hafa fengið heilahristing.

Einkenni, sem rekja má til höfuðáverkans, hafa verið viðloðandi fram til þessa, en eru nú að kalla horfin.

Vegna slyssins 7. okt. 1966 verður að telja, að maðurinn hafi hlotið tímabundna örorku, og telst sú örorka hæfilega metin þannig:

Í 6 mánuði	..	..	..	..	100%	örorka
- 3	—	..	..	..	75%	—
- 3	—	..	..	..	50%	—
- 3	—	..	..	..	25%	—
- 3	—	..	..	..	10%	—

En síðan verður ekki talið, að um örorku sé að ræða vegna slyssins“.

Sjúkrasaga stefnanda hefur að nokkru verið rakin í vottorðum lækna Tryggva Þorsteinssonar og Páls Sigurðssonar hér að framan. Samkvæmt henni og öðru því, sem hér þykir skipta máli, þykir hæfilegt að meta stefnanda bætur samkvæmt þessum lið kr. 25.000.00.

Samkvæmt þessu telst tjón stefnanda, það er hér skiptir máli, nema alls kr. 175.765.00 (kr. 79.765.00 + 3.000.00 + 68.000.00 + 25.000.00).

Frá þessari upphæð ber að draga $\frac{2}{3}$ hluta, þ. e. hluta stefnanda sjálfs í sökinni, eða kr. 117.176.00.

Ber því stefnda að greiða stefnanda alls kr. 58.589.00 með 7% ársvöxtum frá 7. október 1966 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 13.000.00, og er þá tekið tillit til útlagðs kostnaðar við örorkumat o. fl.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Sigurgesti Guðjónssyni og Sigþóri Guðjónssyni bifvélavirkjameisturum.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Hjartarson, greiði stefnanda, Ásgeiri Ásgeirsyni, kr. 58.589.00 með 7% ársvöxtum frá 7. október 1966 til greiðsludags og kr. 13.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. júní 1969.

Nr. 19/1969. **Ragnar Kristjánsson**
(Þorvaldur Þórarinnsson hrl.)
gegn
Kristjáni Júlíussyni
(Kristján Eiríksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skuldamál. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. febrúar 1969. Málinu var upphaflega áfrýjað með stefnu 15. nóvember 1968, en útivistardómur gekk 3. febrúar 1969. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.